

Sódóma Reykjavík

Íslenskum glæpasögum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Höfuðborgin okkar þótti áður fyrir ótrúverðugur vettvangur glæpa og var það ein helsta hindrunin í vegi hérlendra reyfarahöfunda. En nú er svo komið að við þurfum ekki lengur að fara utan til að kynnst heimsborgarbrag. Hér blómstra súlustaðirnir, eiturlyfin flæða inn í landið og glæpatíðni eykst jafnt og þétt. Í nýrri bók Hrafns Jökulssonar, Miklu meira en mest, er fjallað um íslenska undirheima á góðlátlegan hátt. Þar segir frá ungum manni, Jóni S. Jónaz, sem fæddur er með silfurskeið í munni. Afi Jóns, moldrjúkur lögfræðingur, virðulegur bankaráðsformaður og áhrifamikill í þjóðmálunum, styrkir hann til laganáms en Jón reynir í máttvana uppreisn að komast undan valdi hefðar og fjölskyldu. Hann ætlar að verða sjálfstæður en hangir röflandi á Lúbarnum og borgar brúsann með peningunum frá afa. Áður en varir er hann flæktur í net misindismanna og á varla afturkvæmt.

Sagan er vel uppbyggð og þráðurinn spennandi. Frásagnarhátturinn einkennist af kaldhæðni og léttum húmor. En persónurnar eru grunnar og klisjulegar og minna mest á teiknimyndafígúror. Sem dæmi má nefna örótta glæponinn í leðurbuxunum, sköllótta rannsóknarlögreglumanninn Trausta með pípuvertinn og stressaða ritstjóran á æsifréttablaðinu sem væri til í að selja ömmu sína fyrir „gott skúbb“. Þrjótarnir eru lítið annað en gælunöfn og viðurnefni sem gerir þá bara vinalega, s.s. Gulli tönn, Lalli lúdó og Kiddi sleggja. Kvenpersónurnar eru aðgerðalitlar í sögunni eins og oft vill verða í spennusögum. Anna er draumastúlkan sem Jón höndlar ekki, hún stundar nám sitt af kappi og sækir sínfóníutónleika, móðir Jóns er hysterísk og svífur um á lyfjaskýi og þokkadísin Sigga er mest í rúminu og endar líf sitt þar. Sjálfur er Jón, dekraði yfirstéttardrengurinn, svo yfirborðslegur og veiklundaður væskill að erfitt er að hafa samkennd með honum. Sögulokin eru svo í anda Ray Bradbury, óvænt eins og allir búast við.

Í bók Hrafns er rjálað við mikilvæga hluti eins og siðferði, spillingu, glæpi og refsingar, gott og illt. En það er allt hluti af leikmyndinni og engum stórum spurningum er svarað. Leikurinn er heldur ekki til þess gerður. Hrafn segir skemmtilega frá og lýsingar hans á íslenskum undirheimalyð, lögreglu og stöndugum valdsmönnum eru trúverðugar og jafnvel kunnuglegar. Hin syndum spillta íslenska heimsborg virðist komin til að vera.

Hrafn Jökulsson
Miklu meira en mest
Mál og menning 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir

Birt í DV 11.11.99